

Stjórnarfundur hjá Félagi skógareigenda á Suðurlandi

8. nóvember 2018 kl. 10.30 í Víðihvammi 10. Kópavogi

Mættir: María E. Ingvadóttir, Bjarnheiður Guðmundsdóttir, Októ Einarsson, Sigríður Hjartar og Sigurður Karl Sigurkarlsson

1. Að loknum aðalfundi og Landbúnaðarsýningu. Aðalfundur LSE var haldinn á Hótel Stracta á Hellu fyrstu helgina í október. Þar sem hann var haldinn á Suðurlandi bar Félag skógareigenda á Suðurlandi ábyrgð framkvæmd fundarins. Fundinn sóttu um 80 manns og fór hann í alla staði vel fram að lokinni hefðbundinni glímu við hátalarakerfi í upphafi fundar. Að loknum fundarstörfum á laugardag var farið í skógarferð og ræktunin í Ölversholti skoðuð. Veður var vott en viðmót heimamanna í Ölversholti hlýtt og notalegt ekki síður en veitingar á vegum FsS og góðs styrktaraðila. Hátíðardagskráin á laugardagskvöldið fór mjög vel fram. Ungur og upprennandi stórsöngvari, Birgir Stefánsson, söng nokkur lög við undirleik móður sinnar, Katrínar Sigurðardóttur. Þau voru frábær og var þeim klappað lof í lófa.
2. Landbúnaðarsýningin í Laugardalshöll var haldin næstu helgi á eftir, 12.-14. október. LSE var þar með fallegan kynningarbás, þar sem a.m.k. 10 skógareigendur og hagleiksmenn kynntu starfsemina og hversu fjölbreyttar skógarnytjar eru. Flestir sýnendur komu af Suðurlandi, sem eðlilegt er vegna staðsetningar sýningarinnar og stjórn FsS tók virkan þátt í uppsetningu bássins og upplýsingagjöf á staðnum.
3. Skógræktarlögin. Í mótun eru ný skógræktarlög. Áliti á drögum laganna þarf að skila fyrir 15. nóvember. Á stjórnarfundinum var velt upp ýmsum athugasemdum og samþykkt að skila inn umsögn.
4. Næstu félagsfundir. Vegna aðalfundar LSE og Landbúnaðarsýningarinnar varð ekki af félagsfundi í október eins og svo oft áður. Stefnt er að því að hafa félagsfund í nóvember og var ýmsum málum sem eru verðug fundarefni velt upp eins og nöfnum fyrirlesara. Nánar verður sagt frá væntanlegum félagsfundi síðar.
5. Félagsstarfið. Félagsstarfið var til umræðu eins og á flestum stjórnarfundum FsS. Að undanförunu hafa flestir fundir snúist um fræðslu um ákveðin málefni, ekki verið rabbfundir eða skoðanaskiptafundir, þótt félagar hafi **alltaf** getað komið skoðunum sínum á framfæri, ekki síst á aðalfundum. Stjórnin lýsir eftir röddum félagsmanna. Allar fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu LSE skogarbondi.is. Áður sendum við annað veiðið fréttabréfið okkar, **Skógarpóstinn**, til félagsmanna en kostnaður við það var of mikill. Sú spurning hefur vaknað hversu mikið heimasíðan er lesin og þess vegna fengu félagar FsS núna sendan tölvupóst með helstu fréttum af stjórnarfundum og ábendingum á mikilvæg netföng.
6. Innheimta árgjalda. Innheimtan er undir væntingum þótt eindagi greiðslu sé liðinn. Félagar hafa nefnt háa greiðsluupphæð og að hluti LSE í greiðslunni vegi of þungt. Nokkuð hefur verið um úrsagnir.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. liðlega 13.

Fundarritari Sigríður Hjartar